

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 117/2005

frá 30. september 2005

um breytingu á VI. viðauka (Félagslegt öryggi) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir „samningurinn“, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) VI. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 43/2005 frá 11. mars 2005 ⁽¹⁾.
- 2) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 77/2005 frá 13. janúar 2005 um breytingu á reglugerð ráðsins (EBE) nr. 574/72 sem kveður á um framkvæmd reglugerðar (EBE) nr. 1408/71 um beitingu almannatryggingareglna gagnvart launþegum, sjálfstætt starfandi einstaklingum og aðstandendum þeirra sem flytjast á milli aðildarríkja ⁽²⁾ skal felld inn í samninginn.

ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr.

Ákvæði 2. liðar (reglugerð ráðsins (EBE) nr. 574/72) í VI. viðauka við samninginn breytist sem hér segir:

1. Eftirfarandi undirliður bætist við:

„- **32005 R 0077:** Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 77/2005 frá 13. janúar 2005 (Stjtið. ESB L 16, 20.1.2005, bls. 3).“

2. Í stað texta 303. liðar (ÍSLAND – DANMÖRK), 323. liðar (ÍSLAND – FINNLAND), 324. liðar (ÍSLAND – SVÍÞJÓÐ) og 327. liðar (ÍSLAND – NOREGUR) í aðlögunarlið g komi eftirfarandi:

„Ákvæði 15. gr. Norðurlandasamnings um almannatryggingar frá 18. ágúst 2003: Gagnkvæmt afsal endurgreiðslna samkvæmt 3. mgr. 36. gr., 3. mgr. 63. gr. og 3. mgr. 70. gr. reglugerðarinnar (útgjöld við aðstoð vegna veikinda og barnsburðar og vegna vinnuslysa og atvinnusjúkdóma, bætur til atvinnulausra) og 2. mgr. 105. gr. framkvæmdarreglugerðarinnar (útgjöld við eftirlit stjórnsýslu- og læknisfræðilegs eðlis).“

3. Í stað texta 314. liðar (ÍSLAND – LÚXEMBORG) í aðlögunarlið g komi eftirfarandi:

„Samningur frá 30. nóvember 2001 um almannatryggingar.“

2. gr.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 198, 28.7.2005, bls. 45 og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 38, 28.7.2005, bls. 26.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 16, 20.1.2005, bls. 3.

Íslenskur og norskur texti reglugerðar (EB) nr. 77/2005, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 1. október 2005 að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 30. september 2005.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Nikulás prins af Liechtenstein

formaður.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.